



Úthlutaðir styrkir

UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS haustúthlutun 2024



www.sass.is/uppbyggingarsjodur



@UppbyggingarsjodurSudurlands



@uppbyggingarsjodur



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



ATVINNUÞRÓUN & NÝSKÖPUN

Lava Lagoon

Ragnar Guðmundsson

2.000.000 kr.

Markmið er að fjármagna frumhönnun á baðlóni og hótélbyggingu með aðstoð arkitekta. Gera drög að deiliskipulagi svæðis og kostnaðarmeta verkefnið í áætlunarflokki 4 - frumhönnun eftir að arkitektahönnun liggur fyrir. Eftir þessa vinnu á verkefnið að vera nægjanlega skilgreint til að vera tilbúið til fjármögnunar.

Smávirksjanir: Hagkvæmni og nýsköpun

Orkídea Samstarfsverkefni

2.000.000 kr.

Markmið verkefnisins er að auka hagkvæmni smávirksjana á jarðhitasvæðum á Suðurlandi með bættir nýtingu auðlinda og stuðla þannig að frekari atvinnuuppbyggingu. Með aukinni hagkvæmni slíkra virksjanakosta er hægt að nýta fjölmörg tækifæri á Suðurlandi til framleiðslu á orku í heimabyggð og skapa þannig ný græn atvinnutækifæri. Lykill að aukinni hagkvæmni smávirksjana er fjölnýting jarðhitans, þar sem framleitt er bæði rafmagn og heitt vatn og markaður framleiðslunar tryggður með jarðhitagörðum.

Cycle sac

Góðir hálsar ehf

2.000.000 kr.

Unnið er með hönnun og frumgerð á töskulínu sem framleidd verður á sjálfbæran hátt þar sem gömul textílhefð er notuð til að skapa framtíðarvörur með full- og endurnýtingu að leiðarljósi. Um einstaka lúxusvöru er að ræða sem gengur ekki á auðlindir jarðar heldur spornar gegn uppsöfnun textílúrgangs. Verkefnið er atvinnuskapandi á Suðurlandi, stuðlar að því að markmið í oftslagsmálum megi nást og er hugsað sem upphaf að stærri tösku- og fylgihlutalínu í framtíðinni.

Hornfirskt Handverks Súkkulaði

Festivus ehf

1.970.000 kr.

Markmið verkefnis er að gera fallegt lítið upplag af handgerðu súkkulaði með austur skaftfellskum blæbrigðum. Hugmyndin er að gera vandað árstíðabundið handverks súkkulaði með hornfirskum einkennum eins og hinberjum úr Lóni, bláberjum úr Suðursveit, kúmen úr Skaftafelli og blóðbergi úr Heinabergi. Súkkulaðið er handgert, handpakað og hönnun umbúða hefur sterka tilvísun í svæðið og aðföngin. Mingjagripur og munaðarvara.

Umhverfisvænar bolfiskveiðar við Suðurströndina

Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses

1.900.000 kr.

Markmið þessa rannsóknarverkefnis er að kanna hvort veiðar í beittar gildir sé fýsilegur kostur til bolviskveiða í atvinnuskyni við suðurströndina s.s. með tilliti til kosnaðar, veiðisvæða, árstíma, búnaðar, tímalengdar milli vitjana, meðafla, aflameðhöndlunar o.sfrv. Ætlunin er að kanna nýja möguleika við þorskveiðar í gldur við suðurströndina, en víða erlendis er bolfiskur veiddur í gildir með góðum árangri.

Úr skógi

Félag Skógarbænda á Suðurlandi

1.500.000 kr.

Leita að vöru eða vöruflokkum sem koma til greina til fullvinnslu úr skógararafurðum á Suðurlandi. Snemma árs 2025 skal liggja fyrir í skýrslu stutt lýsing á mismunandi leiðum til úrvinnslu úr skógararafurðum.



ATVINNUÞRÓUN & NÝSKÖPUN

Sellanda múkkáburður

Góðir dagar ehf

1.200.000 kr.

Verkefnið „Sellanda múkkáburður“ hefur það að markmiði að framleiða áburð sem nýtir jurtir sem ræktaðar eru í þeim tilgangi á Suðurlandi eða safnað í sunnlenskri náttúru. Jurtirnar sem notaðar verða hafa mismunandi verkun hver fyrir sig, en notaðar saman hafa þær græðandi, sótthreinsandi, bólgueyðandi og róandi áhrif á húð hestsins. Áburðurinn kemur til með að stuðla að bættri velferð dýranna og koma í veg fyrir langvarandi fjarveru þeirra frá þjálfun.

Ullarverið

Fjallaspuni ehf

1.000.000 kr.

Verkefnið Ullarverið mun stuðla að atvinnusköpun á Suðurlandi með því að veita handverksfólki og smáframleiðendum aðgang að sérhæfðri þjónustu í ullarvinnslu. Með því að koma á fót aðstöðu sem býður upp á ullarþvott, tætingu og kembun og í framhaldi spuna á garni, mun verkefnið ekki aðeins skapa ný störf beint tengd rekstrinum heldur getur það einnig örvað atvinnulífið á svæðinu með því að auka framleiðslu og sölu á ullarvörum almennt.

Velferðarsetrið Erja

Thelma Gunnarsdóttir

1.000.000 kr.

Hlutverk Velferðasetursins Erju er að halda utan um hóp fagfólks sem vinna að því að auka velferð og lífsgæði fólks. Markmið Velferðasetursins er því að bæta líðan fólks í samfélaginu, efla það til sjálfshjálpar og styrkja í lífsins leik- og starfi. Markmið er einnig að auka úrval þjónustutilboða í samfélaginu sem nýtist bæði á staðnum en verður einnig möguleiki á í gegnum fjarfundarbúnað. Markmiðið er að opna Velferðasetrið í janúar 2025 í Vestmannaeyjum.

Jarðbatteri og haughiti

Sigurður Torfi Sigurðsson

1.000.000 kr.

Markmiðið með verkefninu er að þróa einfalda og ódýra lausn við upphitun á gróðurhúsum á köldu svæðum með svokölluðu jarðbatterí (climate battery) og með virkjun varma sem myndast í niðurbroti á lífrænu efni í þar til gerðum þróum Safnað verður heimildum um þessa tækni erlendis frá og tilraun verður gerð með því að prófa virkni og hagkvæmni þessara aðferða við íslenskar aðstæður.

Markmið er jafnframt að gefa út í lokaskýrslu praktískar leiðbeiningar um innleiðingu á þessari tækni.

Hljómgögn- Húsgögn sem bæta hljómvist

Hanna Dís Whitehead

900.000 kr.

Í verkefninu er lagt upp með að smíða húsgögn og húsmuni úr þæfri íslenskri annars flokks ull. Tilvalið er að nota þæfða ull í íslensk húsgögn þar sem nóg er til af henni en minna af við. Þæfð ull er einn af þeim efniviðum sem mest er notaður í vörur sem eiga að hafa hljóðdempandi áhrif. Meðan viður t.d. endurkastar hljóði, dregur þæfða efnið það í sig. Hanna og framleiða á skápa, skilrúm, ljós og hirslur. Með því að þróa húsgögn og húsmuni úr þæfðri ull, verður til betri hljóðvist án þess að sérstakur panill eða flötur sé settur upp sem einungis er nýtt sem hljóðdempun en hefur annars ekkert notagildi.



ATVINNUÞRÓUN & NÝSKÖPUN

Endurnýting rafhlöðna fyrir staðbundna orkugeymslu

Stefán Birnir Stefánsson

655.500 kr.

Markmið verkefnisins er að kanna fýsileika þess að endurnýta rafbílarafhlöður úr eldri rafbílum eða tjónuðum rafbílum. Endurnýtingin mundi felast í því að nota rafhlöðurnar fyrir staðbundna raforkugeymslu. Staðbundin raforkugeymsla nýtist t.d. sem varaafstöð fyrir heimili eða fyrirtæki eða raforkugeymsla til samnýtingar með vindmyllum og/eða sólarpanelum.

**MENNING****Sunnlenskir einleikarar****Sinfóníuhljómsveit Suðurlands****1.000.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að halda tónleika Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands með sunnlenskum einleikurum í september 2025. Eitt af meginmarkmiðunum með starfi Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands er að veita sunnlensku tónlistarfólki tækifæri til að iðka list sína sem hljóðfæraleikarar og söngvarar. Nú þykir starf hljómsveitarinnar vera komið á þann rexpól að tímabært sé að stíga næsta skref og halda tónleika þar sem hljóðfæraleikarar úr röðum sunnlenskra tónlistarmanna stíga fram sem einleikarar með hljómsveitinni. Einleikarar á þessum tónleikum verða þau Greta Guðnadóttir fiðluleikari og Jóhann Ingvi Stefánsson trompetleikari.

Flygill í Skálholtsdómkirkju**Herdís Friðriksdóttir****1.000.000 kr.**

Markmið er að halda fjáröflunartónleikaröð verður haldin frá feb - okt 2024 - 2025 í Skálholtsdómkirkju. Styrkurinn verður nýttur til að greiða tónlistarfólkinu laun en tónleikagestir greiða aðgangeyri sem rennur óskiptur í fygilsjóðinn.

Krakkabarokk á Suðurlandi**Tónlistarskóli Rangæinga****1.000.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að kynna hljóðheim upprunaflutnings fornrrar tónlistar fyrir þátttakendum og áheyrendum og gefa nemendum Tónlistarskóla Rangæinga tækifæri til þess að koma fram á listviðburði í félagi við atvinnumenn í tónlist. Bein þátttaka í opinberum listviðburðum af þessu tagi er verðmæt reynsla sem er valdeflandi fyrir börn og ungmenni, víkkar sjóndeildarhring þeirra, veitir þeim mikilvægar fyrirmyndir og skapar forvitni.

Hvöld (SEINNI HLUTI)**Home Soil ehf****950.000 kr.**

Hvöld er metnaðarfull vídeó og hljóð innsetning með málverkum og skúlptúrsem og verður frumsýnd í Tabakalera Center for Contemporary Culture í San Sebastian. Vídeó innsetningin er kvikmynduð á 35mm Kodak filmu og skönnuð í 2K upplausn. Hugmyndin er að sýna verkið á Suðurlandi eftir frumsýninguna úti.

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 2025**Sinfóníuhljómsveit Suðurlands****950.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að Sinfóníuhljómsveit Suðurlands haldi Vínartónleika á þremur stöðum á Suðurlandi í janúar 2025. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands mun halda Vínartónleika á Selfossi, í Aratungu og á Hellu þriðju helgina í janúar 2025. Á efnisskránni verða klassísk Vínartónleikaverk m.a. mörg þekktustu verk Strauss feðga auk vinsælla aría.

Bær, samsýning erlendra og íslenskra listamanna**Listasafn Árnesinga****800.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að sýna metnaðarfulla alþjóðlega myndlist í Listasafni Árnesinga og hafa þessir listamenn allir skapað verkin á ferðalagi sínu um Ísland. Með sýningunni skipa þessir sex listamenn sér sess í löngum röðum listamanna, bæði íslenskra og erlendra, sem leitað hafa til Íslands fyrir innblástur og hafa fundið, ekki svörin sem þeir leituðu að, heldur fleiri ósvaraðar spurningar. Ísland, í öllum sínum stórfengleika, hefur styrkt þeirra listrænu jarðtengingu.

Vorsýning - Leikfélags Hornafjarðar og Framhaldskólans**Leikfélag Hornafjarðar****800.000 kr.**

Efla menningarstarfsemi, fjölbreytt samstarf og listsköpun í Sveitarfélaginu Hornafirði. Gefa Hornfirðingum tækifæri á að upplifa kraftmikla og flotta leiksýningu í sveitarfélaginu sínu og gefa metnaðarfullu áhugafólki um leikhús starf, tækifæri á að setja upp sýningu. Halda áfram að byggja upp grasrótar starfið innan leikfélagsins og efla samstarfsvettvang á milli ólíkra aldurshópa og einstaklinga



MENNING

Meðal guða og dauðlega vera: Íslenkst listafólk í Varanasi**Listasafn Árnesinga****800.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að halda áfram með metnaðarfullar sýningar eins og safnið hefur staðið að um árabíl. Sýningin Meðal guða og dauðlega vera: Íslenskt listafólk í Varanasi tengir líka ólíka menningarheima þar sem að áhrif Indlands munu skína í gegn og gefa safninu áhugaverða viðburði með Indland í forgrunni.

Óperuveisla í Rangárþingi**Aðalheiður M Gunnarsdóttir****750.000 kr.**

Að byggja upp samfélagið, sameiningu og menningu í Rangárþingi. Hvetjandi fyrir unga sem aldna að sjá annað fólk sem það þekkir í starfi við eitthvað annað á sviði að syngja og leika. Hvetjandi fyrir þátttakendur að halda söngnum á lífi. Hvetjandi fyrir fólk að koma í tónlistarskólann og læra að syngja. Byggja upp menningarlíf í Rangárþingi. Óperutónleikar er nýtt á nálinni hér, allaveganna sem ég man eftir.

Pólsk menningarhelgi í Listasafni Árnesinga**Listasafn Árnesinga****750.000 kr.**

Marmið verkefnisins er að bjóða listafólk og skapandi aðila af pólskum uppruna að sýna verk sín og afurðir. Haldið verður upp á pólskan menningararf með kynningum á listaverkum, mat og ýmsum uppákomum helgina 8-10 nóvember en þjóðhátíðardagur Póllands er einmitt 11. nóvember.

Menning í Miklagarði**Ragnheiður Sigurðardóttir
Bjarnason****700.000 kr.**

Markmið verkefnisins Menningar í Miklagarði er að auka sýnileika Hornfiskra listamanna og sýna virkni listamanna í Miklagarði. Markmiðið er að almennur í Sveitafélaginu Hornafirði fá að njóta og upplifa þá sköpun og kraft sem býr í listamönnum og frumkvöðlum í sveitafélaginu. Markmiðið er einnig að tengja utanaðkomandi komandi listamenn við heimafólk og fá víðsýnni upplifun á sköpun. Markmiðið er að halda 4 viðburði í Miklagarði þar sem sköpun, stemming og forvitni er í forgrunni.

Skráning Hornfirðinga í gegnum Portrett**Festivius ehf.****700.000 kr.**

Markmið verkefnis er að skrásetja mannflóru Hornafjarðar með portretti. Listamaðurinn er Juanjo Ivaldi Zaldívar er frá Paragvæ en hann bjó lengi á Höfn í Hornafirði og þekkir því vel til staðhátta og heimamanna. Áætlað er að halda sýningu á portrettunum, sem verða vonandi æði mörg, sumarið 2025 á Otto Matur & Drykkur.

Tónlistarbúgarðurinn**Kristín Björk Kristjánsdóttir****670.000 kr.**

Markmið Tónlistarbúgarðsins er að virkja sunnlenska sköpunarkrafta og tengja þá í Alþjóðlegt samhengi í gegnum torfbæ á Stokkseyri. Tónlist er óstöðvandi kraftur sem streymir óháð hörðum aðstæðum og brimi á rúðum. Hana er hægt að vinna hvaðan sem er, meira að segja í litlu þorpi á Suðurlandi þar sem annars er ekki mikla vinnu fyrir tónlistarfólk að hafa aðra en þá sem við sköpum okkur sjálf! Tónlist er hlýjan og gleðin sem gerir harðbýlt land að mögulegum samanstað.

Kona rennir færi - leikrit um Þuríði formann**Hera Fjölнисdóttir****650.000 kr.**

Markmið Tónlistarbúgarðsins er að virkja sunnlenska sköpunarkrafta og tengja þá í Alþjóðlegt samhengi í gegnum torfbæ á Stokkseyri. Tónlist er óstöðvandi kraftur sem streymir óháð hörðum aðstæðum og brimi á rúðum. Hana er hægt að vinna hvaðan sem er, meira að segja í litlu þorpi á Suðurlandi þar sem annars er ekki mikla vinnu fyrir tónlistarfólk að hafa aðra en þá sem við sköpum okkur sjálf! Tónlist er hlýjan og gleðin sem gerir harðbýlt land að mögulegum samanstað.

**MENNING****Aðventutónleikar í Flóahreppi****Berglind Björk Guðmundsdóttir****600.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að auka list- og menningaruppbyggingu í Flóahreppi þar sem allir aldurshópar íbúa fá að taka þátt og njóta sín. Hátíðin var haldin í fyrra við mjög góðar undirtektir þar sem náðist að fylla Félagsheimilið Þingborg. Gleðin skein úr andlitum áhorfenda sem og flytjenda sem spurðu sérstaklega hvort þessi hátíð væri ekki komin til með að vera. Flóahreppur vill því halda áfram með þetta verkefni og sækir því aftur um styrk frá Uppbyggingarsjóðnum.

Rithöfundakvöld Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar**Menningarmiðstöð Hornafjarðar****600.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að bjóða Hornfirðingum upp á samverustund í aðdraganda jóla þar sem kynntar eru nýútkomnar bækur. Fimm rithöfundum er boðið að koma til Hafnar og lesa upp úr bókum sínum. Áhersla er lögð á að fá til okkar rithöfunda sem höfðu til íbúa, einn barnabókahöfund sem höfðu til ungu kynslóðarinnar, annan spennusagna- og ævisagna höfund, ásamt því að horft er til hand-, ljóða- og fræðibóka.

Leiksýning leikdeildar UMFG**Þórður Guðni Ingvason****600.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að gefa íbúum á svæðinu þess tækifæri til þess að eflast og þroskast í gegnum leiklist og um leið að bjóða upp á metnaðarfulla sýningu fyrir íbúa og aðra gesti. Það er alkunna hversu leiklist er vel til þess fallin að tengja fólk og styrkja böndin þeirra í millum. Að gefa slík tækifæri er afar mikilvægt í litlu samfélagi til þess að stuðla að þéttara og enn betra samfélagi fólks. Áhugi fyrir starfi leikfélagsins er mikill á og snar þáttur í menningarlífi byggðarlagsins.

Vestmannaeyjar í gegnum linsu liðins tíma**Vestmannaeyjabær****600.000 kr.**

Markmið er að efla menningarstarf í Vestmannaeyjum og kynna menningararfinn með reglubundnum hætti. Safnahús leggur sérstaka áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta menningardagskrá sem höfðu til fjölbreytts hóps. Við viljum með viðburðaröðinni breikka hóp þeirra enn fremur sem sækja Safnahúsið heim og um leið halda menningararfleið okkar Eyjamanna hátt á lofti. Með þessari röð viðburða erum við einnig að styrkja menningarstoðir Eyjamanna og miðla efni áfram.

Nýárstónleikar í kirkjum og náttúru landsins - Suðurlands hl**Alexandra Chernyshova****550.000 kr.**

Markmiðið er að sýna einstaka fegurð íslenskra kirkna og náttúru í fallettri kvikmynd-tónleikadagskrá þar sem flytjendur tónlistar koma einnig fram.

Norðuljósablús 2025**Blús- og rokkklúbbur Hornafjarðar****550.000 kr.**

Markmið hátíðarinnar er að styðja við og efla tónlistarlíf í Hornafirði með því að gefa tónlistarfólk úr heimbyggð tækifæri til að koma fram ásamt landspekktum tónlistarmönnum. Hátíðin er stór menningarviðburður í sveitarfélaginu og hefur þátttaka bæði tónlistarfólks og íbúa verið mjög góð.

**MENNING****Butoh- japanskt dansleikhús fyrir börn****Hera Fjöl意思dóttir****500.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að auka við fjölbreytileika í framboði menningar- og listtengdra námskeiða í Árborg og styrkja þannig menningarstarfssemi, listsköpun og fræðslu. Markmið er að þátttakendur læri undirstöðuatriðin í Butoh dansi og leiklist. Markmiðið er að vinna með þeim sýningu sem sameinar þessi form en Butoh er einnig þekkt sem japanskt dansleikhús. Nemendur kynnast hugmynda- og samvinnu, hljóta aukna sjálfsþekkingu, samkennd og virðingu fyrir öðrum, sjálfstraust, sjálfsöryggi og gleði.

Brimrót, bókabæirnir og bómenntamiðstöð á Stokkseyri**Pétur Már Guðmundsson****500.000 kr.**

Suðurland býr yfir miklum bókmenntaarfi sem vert er að varðveita og byggja á. Mikil gróska er í bókmenntum, sunnlenskir rithöfundar og skáld vekja athygli og töluverður áhugi er fyrir bómenntatengdum viðburðum innan landshlutans. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á blómlegri bókamenningu á Suðurlandi og efla bókmenntalíf á svæðinu enn frekar. Byggja upp miðstöð Bókabæjanna og miðstöð bókmennta á Stokkseyri.

Nýjar útsetningar fyrir Lúðrasveit Þorlákshafnar**Þuríður Anna Róbertsdóttir Darling****500.000 kr.**

Lúðrasveit Þorlákshafnar er með yfir 40 virka meðlimi og hefur starfað í 40 ár. Í gegnum árin hefur hún staðið fyrir því að láta útsetja fjölmörg ný verk sem hún hefur flutt á tónleikum á Suðurlandi og víðar. LP ætlar að láta útsetja 6 ný verk sem verða flutt á tónleikum víðsvegar um landið 2025-2026.

Langspilssveit Flóaskóla og Sinfóníuhljómsveit Íslands**Flóahreppur****500.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að gefa nemendum við Flóaskóla tækifæri á að leika á langspil með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fernum jólatónleikum hljómsveitarinnar í Eldborgarsal Hörpu 14. og 15. desember 2024.

Undurfagrir fiðlutónar**Chrissie Telma Guðmundsdóttir****500.000 kr.**

Fiðlufjör er einstakur fræðslu- og menningarvettvangur sem hefur þróast í eitt stærsta fiðlunámskeið á Íslandi þar sem nemendur koma saman af öllu landinu til að læra og hafa gaman. Núna í annað sinn verður Fiðlufjör í nýjum búning með yfirskriftina Undurfagrir fiðlutónar. Markmið verkefnisins er að efla til tónleikahalds kennslu fyrir framhaldsnema í fiðluleik. Chrissie mun sjá um að leiðbeina valinn nemandi í samstarfi við kennara nemandans og efla í leiðinni menningu Suðurlands.



MENNING

Stráflísar

Hanna Dís Whitehead

500.000 kr.

Markmið verkefnisins er að halda einkasýningu í sýningarsalnum "Stúkusalur" á Höfn í Hornafirði í mars 2025. Sýna á verk úr stráum af svæðinu.

Gefum íslensku séns viðburðaröð

Heiðrún Dóra Eyvindsdóttir

500.000 kr.

Markmið verkefnisins er að auka vitund fólks, sérstaklega íslenskra móðurmálshafa á því að allir geta lagt sitt að mörkum við að hjálpa fólki af erlendum uppruna að læra íslensku og stuðla þannig að íslenskuvænu samfélagi.

Jólatónar og kakótár

Magnea Gunnarsdóttir

450.000 kr.

Markmið verkefnisins er að gefa ungum og framúrskarandi fiðluleikara vetvang til að láta að sér kveða í nærsamfélaginu og skapa um leið notalega jólastund fyrir íbúa og aðra áhugasama í annríki dagsins. Hún og þau sem starfa með henni að tónlistarflutningi á viðburðinum fá þannig tækifæri til að þróa listsköpun sína og hæfileika. Viðburðurinn verður öllum opin og stefnt er að að kynna hann vel og fá sem flesta gesti.

Kuldi- abstrakt sjón- og tónlistar verk

Tjörvi Óskarsson

450.000 kr.

Markmið verkefnisins er að skapa einstaka upplifun fyrir áhorfendur með samspili af frumsamin sveimtónlist (ambient) og sjónlistarverki. Verkið mun sækja innblástur í náttúruna og er þema verksins kuldi.

Ég kemst í jólafíling! Jóladagskrá

Byggðasafns Árnesinga

Byggðasafn Árnesinga

450.000 kr.

Boðið verður upp á:

Alltumlykjandi jólaanda og veglega dagskrá sem verður blanda af viðburðum, sýningarhaldi og stemningu. Rithöfundar kynna glóðvolg bókmenntaverk og safnasvæðið mun iða af lífi annan sunnudag í aðventu þegar boðið verður upp á tónlistarviðburð, barnabókastund, smíðjur, fróðleik og hina sígildu jólasýningu.

Magn tímafars, sýningarskrá

Íslenski bærinn ehf

450.000 kr.

Um er að ræða yfirlitsrit eða sýningarskrá um þau verk sem sýn hafa verið og framkvæmd á tímatengdu listahátíðinni sem haldin hefur verið í húskynnum og umhverfi Íslenska bæjarins að Austur Meðalholtum síðustu þrjú árin. Um er að ræða um 60 verk sem spanna mjög vítt svið aðferða og framsetningara, og mörg frumflutt á hátíðinni.

Listin að lifa

Leikfélag Selfoss

350.000 kr.

Markmið verkefnis er fyrst og fremst að styðja við menningarstarfið í samfélaginu og að vera með félagsstarfsemi í gangi þar sem fólki í samfélaginu gefst kostur á að taka þátt í uppsetningu leiksýningar. Hægt er að taka þátt hvort sem er sem leikari á sviði eða við ýmis konar baktjaldavinnu.

**MENNING****Söngstarf Tvennra tíma 2024-2025****Söngsveitin Tvennir tímar,
félagsamtök****350.000 kr.**

Að æfa og efla sönglíf eldri borgara í Uppsveitum Árnessýslu. Verkefnið gengur út á að æfa og syngja með öðrum eldri borgara kórum, heimsækja dvalarheimili á Suðurlandi með tónleika haldi og standa svo fyrir vortónleikum voríð 2025. Einnig stefnir kórinn á, eins og síðustu ár, að syngja með ungu tónlistarfólki á svæðinu en það er gert til að tengja kynslóðir saman og hefur það gengið vonum framár.

Grænhöfðaeyjar- mögnuð tónlist og saga**Vestmannaeyjabær****350.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að skemmta og fræða um tónlist og sögu Grænhöfðaeyja. Tilstendur að fá til landsins Tidy Rodregues einstaka sönkonu, sem notið hefur mikilla vinsælda í heimalandinu. Hún mun flytja ástsælustu tónlist Grænhöfðaeyja ásamt völdum tónlistarmönnum frá Suðurlandi. Í bland við tónlista verður sagt frá þessum merku eyjum í máli og myndum.

Ljósmyndaverkefni um Hús Minningana**Sonja Margrét Ólafsdóttir****300.000 kr.**

Markmið verkefnis er að skrásetja á listrænan máta með ljósmyndamiðlinum Hús Minningana, safn sem Gunnlaugur Emilsson safnari hefur sett upp í bílskúr hjá sér. Endaafurð þessa verkefnis verður í formi bókar/zine sem ég hanna.

Skapandi smiðjur fyrir eldri borgara**Félag eldri Hornfirðinga****300.000 kr.**

Í sveitarfélaginu Hornafirði eru engar skapandi smiðjur fyrir eldri borgara. Markmið þessara skapandi smiðja er auka fjölbreytni í vali á tómsundum fyrir fólk eldri en 60 ára. Við teljum að með aukinni fjölbreytni verði meiri ánægja og lífsgæði meðal hópsins. Virkja á tækni, handverk og mannshugann með listrænum smiðjum.

Í gegnum tímans tönn**Sandra B. Clausen Þráinsdóttir****250.000 kr.**

Markmið verkefnis er að draga fram þá hráu fegurð sem býr í hinni íslensku náttúru og þá sér í lagi hér í Árborg. Grípa augnablikið, auka á núvitund með ljósmyndasýningu sem haldin verður í vetur og ber heitið: "Í gegnum tímans tönn." Þar verður á að líta ljósmyndir sem teknar hafa verið síðastliðin fjögur árin aðallega í kringum Stokkseyri og Eyrarbakka. Myndirnar verða lítið unnar svo hægt sé að sjá með hinu bera augu hvað hversdagurinn getur orðið fallegur ef við einungis tökum eftir.

**Námskeið í grúski****Héraðsskjalasafn Árneseinga****250.000 kr**

Markmið verkefnisins er að halda námskeið sem gerir íbúum í Árnessýslu kleift að stunda sagnfræði/ættfræðirannsóknir heima hjá sér með þeim fjölmörgu leiðum sem internetið býður uppá. Á námskeiðinu verða hinar ýmsu heimildavefsíður kynntar fyrir þátttakendum og þeim kennt að nota þær í eigin rannsóknum.

Stutt og laggott**Leikfélag Ölfuss****200.000 kr.**

Markmið verkefnisins er efla leiklist og sköpun í heimabyggð. Sérstaklega eru ungmenni boðin velkomin að taka þátt í að skrifa ný leikverk, leikstýra og leika.

Lesum og fönndrum á Bókasafninu**Meningarmiðstöð Hornafjarðar****300.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að setja upp listasmiðjur fyrir börn á bókasafni Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Í upphafi verður lesin stutt saga fyrir börnin og í framhaldinu fá börnin að virkja ímyndunaraflíð sitt og fönndra það sem þeim dettur í hug eftir að hafa hlustað á söguna.

Hvað ætla ég að gera? Sjálfstyrkjandi námskeið og sýning**Ágústa Arnardóttir****130.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni sjálfsþekkingu, sterkari sjálfsmynd og meira sjálfsöryggi barna og ungmenna. Þessir þættir hafa gríðarleg áhrif á það hvaða leið ungmenni fara í lífinu, hvernig þau takast á við ákoranir í lífinu, hvernig samfélagsþegnar þau eru og fleira. Markmiðið næst með því að bjóða börnum upp á öflugt námskeið þar sem lögð er áhersla á að sköpunarkraftur, hugmyndaflug og hugrekki fái að njóta sín. Námskeiðið endar á sýningu.